



FRÉTTABLAÐ ÍDUNNAR

114. tölublað – 32. árgangur

Desember 2011

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Íðunn

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652



Fundir og kvæðalagaæfingar 2012

Allir fundir og æfingar félagsins fara fram í Gerðubergi í Breiðholti og hefjast klukkan 20:00 nema Heiðmerkurgleðin sem fer að sjálfsögðu fram við Grunnvötn í Heiðmörk. Félagsmenn í Íðunni eru hvattir til að taka með sér gesti á fundina og æfingarnar líka.

1	4. janúar, miðvikudagur 6. janúar, föstudagur	kvæðalagaæfing (niðri) félagsfundur (uppi)
2	1. febrúar, miðvikudagur 3. febrúar, föstudagur	kvæðalagaæfing félagsfundur
3	7. mars, miðvikudagur 9. mars, föstudagur	kvæðalagaæfing aðalfundur
4	11. apríl, miðvikudagur 13. apríl, föstudagur	kvæðalagaæfing félagsfundur
5	2. maí, miðvikudagur 4. maí, föstudagur	kvæðalagaæfing vorfundur
6	15. júní, föstudagur	Heiðmerkurgleði

Jólasaga

*Hér er komin Grýla
og gægist um hól.
Hún mun vilja hvíla
sig hér um öll jól.*

Séra Guðmundur Erlendsson
á Felli í Sléttuhlíð (1595–1670).

Uppruna jólahalds á Íslandi má rekja aftur í heiðni og þá voru jólnin líklega fyrst og fremst frjósemishátíð, á þeim árstíma þegar sólarganginn tók að lengja á ný. Ekki var aðeins fagnað í mannheimum ef marka má *Bárðarsögu Snæfellsáss* þar sem greint er frá stórkaralegri jólaveislu hjá tröllskessunni Hít í Hundahelli. Þangað bauð hún þursum og allskyns óvættum. „Voru þá borð upp tekin og matur á borinn heldur stórkostlegur. Drykkja var þar mjög óstjórnleg svo allir urðu þar ginntir ...“ segir í sögunni. Eftir borðhaldið var farið í hornaskinnleik og einn þursinn nefbrotnaði í þeim átökum. „Féll þá blóð um hann allan. Varð þá upphlaup og hruðningar heldur sterklegar.“

Þetta var á tímum heiðninnar og enn efnunum við til jólahalds, en á breyttum forsendum, eða hvað? Veislan hefst venjulega klukkan sex á aðfangadagskvöld og þá gægist Grýla yfir bæjarhólinn og knýr dyra hjá vísitölufjölskyldunni. Hún gefur krökkunum grýlukerti og tölvuspil og sest síðan til borðs með heimilisfólkinu. Allir verða „ginntir“ af malti og appelsíni og háma í sig hamborgarahrygginn sem er alls ekki hryggur heldur sæll og glaður yfir því að vera étinn, því að á jólnunum eru allir jákvæðir og kátir.

Eftir matinn leggst Grýla í sófann og hlustar á útvarpið þar sem seðla-bankastjóri talar um gull, ergelsi og firru. Síðan er farið í hornaskinnleik með alla jólapakkana og togast á um þá, þar til umbúðirnar rifna og gjafirnar velta

um öll gólf. Grýla fær tvær gjafir, önnur er frá ríkisstjórn Íslands: leiðrétting á skuldum heimilisins. Hin gjöfin er frá eiginmanninum: gjafabréf í fótisnyrtingu.

Þegar nær dregur miðnætti segir Jósep bóndi: Grýla mín, viltu ekki gista hjá okkur Maríu í nótt? Jólánóttin er að ganga í garð og það tekur því varla að fara heim í hellinn. Það er ekkert rúm fyrir þig í gistihúsinu en við getum búið um þig í stofunni hjá okkur.

Jú, kannski, svarar hún. Það er bara ansi notalegt hérna hjá ykkur.

Vertu velkomin, segir María. Við kveikjum á grýlukertinu sem þú komst með og reynum að sjá ljósið. Í nótt verða allir góðir því það er jólánótt.

Grýla fer í tölvuleik með börnunum sem fá að vaka þar til þau falla úrvinda á gólfið. Þá fær hún sér konfekt og sjerrí með Maríu og Jósep en leggst loks til svefns í sófanum. Heimilishundurinn og jólakötturinn hvíla til fóta hjá henni, í faðmlögum. María breiðir brekán yfir Grýlu og skömmu síðar er hún byrjuð að hrjóta, með gjafabréfið í annarri hendi. Loforðið um skuldaleiðréttinguna er hinsvegar gúfað upp, eða fór það í jólaköttinn?

Þegar fjölskyldan vaknar að morgni jóladags er næturgesturinn horfinn. Stór spor sjást í nýföllnum jólasnjónum, þau liggja í átt að fjallinu.

Bjarki Bjarnason

Kvæðamál

Enn þá penna vel ég veld
vísu hnoða saman.
Það er oftast að ég held
ósköp saklaust gaman.

En það er slæmt að orðin oft
eins og tómir fleygar
innihalda aðeins loft
en engar dýrar veigar.

Ragnar Böðvarsson

Veiti jól um veröld enn
von og trú og gleði
og breyti þeim í betri menn,
sem breyskir eru í geði.

Glæst eru sólar geislabrot.
Þau gylla hóla, völl og móa.
Höfuðbólin, hreysi og kot
hýsa um jólin gleði nóga.

Sigurður Sigurðarson

Myrk þó frjósi foldarkinn
fegurð hrósa kenndir.
Helga rós í hjartað inn
hátið ljósa sendir.

Kristur snart vort kærleiksmál
kjarnann skarta lætur.
Auðgar hjarta, hug og sál
helgi bjartrar nætur.

Hátíð styðji huga þinn
helgimiðið finni.
Jólin frið og fögnuð sinn
flytja bið í sinni.

Sigmundur Benediktsson

Mörgu lýsa
má ein vísa,
menn það prísá,
hverja tíð.
Hækkar sólin,
höldum jólin,
hlýna bólin
ár og síð.

Bjarni Valtýr Guðjónsson

Jói yrkir ei til meins
er það góður siður,
og seint mun fæðast annar eins
axaskaftasmiður.

Grétar Jónsson

Logið get ég lengi og hratt,
svo létt að flestir trúa.
En þurfi ég að segja satt
ég sýnist vera að ljúga.

Slúðrið oft á flakk það fer,
furðu létt og rennandi,
en sannleikurinn oftast er
ansi lítið spennandi.

Sigrún Haraldsdóttir

Sigrún forðum saklaus varstu
sál þín virtist hvít sem snær
af ýmsum konum öðrum barstu
einkum fyrir beittar klær
og lékst þér við að lakka þær.

Sigurður Þór Bjarnason

Allt er fyrir auðinn falt
auglýst mikið fjölbreytt dót.
En bak við þetta blaður allt
brosa jólin okkur mót.

Ragnar Böðvarsson

Sólin nálgast takmark tært
tunglið bjarta glitrar.
Jólin koma skrautleg, skært
skartið fagra titrar.

Höskuldur Búi Jónsson